

Kröfur móta 2017-2018

í frjálsum æfingum kvenna

Berist til yfirþjálfara og þjálfara í áhaldafimleikum kvenna
Keppt verður eftir alþjóðlegum dómareglum FIG 2017 – 2020 (COP).

Aldursflokkar í frjálsum æfingum

Keppt er í þremur aldursflokkum í frjálsum æfingum skv. Móta- og keppnisreglum FSÍ. Kvennaflokki (senior), unglingsflokki (junior) og stúlknaflokki (youth). Í frjálsum æfingum eru aldursflokkar ekki sameinaðir.

		<u>2017</u>	<u>2018</u>
Kvennaflokkur	16 ára og eldri	'01 og fyrr	'02 og fyrr
Unglingsflokkur	13 – 15 ára	'02, '03 og '04	'03, '04 og '05
Stúlknaflokkur	12 ára og yngri	'05 og síðar	'06 og síðar

Innihald móta

Hautmót 2017

Fjölþraut og einstök áhöld.

Keppt er í þremur aldursflokkum.

Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétt í 2.-5. þrepi á keppnistímabilinu. Keppni C II og C III á stökki.

Reykjavík International Games 2018 (RIG)

Fjölþraut og einstök áhöld

Keppt í kvenna og unglingsflokki. (Keppandi í stúlknaflokki sameinast unglingsflokki). Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétt í 2.-5. þrepi á keppnistímabilinu.

Keppni C II og III á stökki,

Bikarmeistaramót 2018

Liðakeppni. 5 í liði – 5 keppa – 3 telja til stiga á hverju áhaldi. Fjöldi liða frá félagi er frjálst. Hvert lið má skrá tvo varamenn. Fjöldi þjálfara á keppnissvæði eru tveir skv. reglu 3.2 í COP. Einstaklingar í frjálsum æfingum geta keppt sem gestir. Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétt í 2.-5. þrepi á keppnistímabilinu. Ekki er leyfilegt að skrá sama keppanda bæði sem keppanda og sem varamann í sitthvoru liðinu eða jafnframt í þrepum. Keppni C IV.

Íslandsmeistaramót 2018

Þátttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1. þrepi á keppnistímabilinu. Ef keppt er í Fjölþraut á Íslandsmeistaramóti þá útilokar það áframhaldandi keppni í 1. þrepi á næsta keppnistímabili

1. keppnisdagur:

Fjölþraut. Keppt í kvenna- og unglíngaflokki. (Keppandi í stúlknaflökki sameinast unglíngaflokki) Keppni CI og II, þær sem keppa í undankeppni til úrslita á stökki gera 2 stökk.

2. keppnisdagur:

Úrslit á einstökum áhöldum. Keppt í kvenna- og unglíngaflokki. 5 hæstu frá 1. keppnisdegi komast í úrslit á hverju áhaldi í hvorum aldursflokki. Keppni C III.

Meistaramót 2018

Fjölþraut og einstök áhöld. Keppt er í þremur til fjórum* aldursflokki. Þátttökuskilyrði eru að vera keppandi í það minnsta 2. þrepi á keppnistímabilinu. Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétti í 2. 3. 4. og 5. þrepi á komandi keppnistímabilum.

Keppni C II og C III á stökki.

NYTT: *Senior-aldursflokkur skiptist í tvo aldurshópa (16-17 ára og 18 ára og eldri) þegar keppendur eru 7 eða fleiri á öllum áhöldum, í hvorum aldurshóp.

ATH. Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi þegar keppendur fleiri en þrír.

1 þjálfari á áhaldi þegar 1- 3 keppendur, samkvæmt Code of point.

Íslandsmeistaramót: Keppni III, 1 þjálfari á keppanda.

Stigakeppni 2017-2018

Stigahæsti keppandi á mótum tímabilsins stendur uppi sem sigurvegari í Stigakeppni FSÍ í unglíngaflokki og kvennaflokki. Eftirfarandi mót keppnistímabilsins telja til stiga; Haustmót, Bikarmeistaramót, Íslandsmeistaramót C I (ekki C III) og Meistaramót. Bæði fjölþraut og úrslit á áhöldum telja til stiga á öllum mótunum. Stigagjöf og stöðu í stigakeppninni má finna á heimasíðu FSÍ, www.fimleikasamband.is.

Skráning keppenda og þjálfara á mót

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þátttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta

Skráning dómara á mót

Félögin skrá nöfn dómara eftir að skipulag hvers móts liggur fyrir (síðasta lagi 10 dögum fyrir mót). Með skráningu á að fylgja hvaða mótshluta dómari gefur kost á sér. TKV raðar dómurum á mótshluta. Við niðurröðun dómara er miðað við dómaraflokk

Félögin senda inn eitt dómradildi fyrir 1-3 keppendur í viðkomandi aldurshóp. Hver dómari getur ekki tekið fleiri dómragildi en fjöldi mótshluta á hverju móti. Fjöldi dómragilda miðast við skráningu keppanda, ekki fjölda keppanda í raun á mótinu. Á Bikarmeistaramóti skal skrá minnst tvo dómara á lið. Við niðurröðun dómara er miðað við dómaraflokk og reynslu. Endanlegur fjöldi dómragilda á hvert félag er jafnt og hlutfall keppanda viðkomandi félags af heildarfjölda keppanda á viðkomandi móti. Endanlegur fjöldi dómragilda á hvert félag er sent út af FSÍ/Tkv þegar dómaraSKIPULAG liggur fyrir.

Tkv áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.

sept2017/TKv